

## Fundargerð

210. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn þriðjudaginn 17. sept. 2019 að Furuvöllum 1, Akureyri, kl. 13.30.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð

#### 2. Breytingar á starfsleyfisskyldu mengandi fyrirtækja

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri skýrði frá undirbúningsvinnu ráðuneytis, Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga vegna væntanlegrar reglugerðar um tilkynningaskyldu í stað starfsleyfisskyldu fyrir ákveðin hóp fyrirtækja á mengunarvarna- og hollustuháttasviði. Hugmyndin er að ákveðnir fyrirtækjahópar skrái sig inn í miðlægan gagnabanka hjá Umhverfisstofnun og fái síðan heimsókn heilbrigðisfulltrúa sem birti viðkomandi kröfur um aðbúnað og verklag skv. almennum reglum og samræmdum leiðbeiningum. Einnig kynnti Alfreð lagabreytingu sem heimilar heilbrigðisnefnd að framselja til heilbrigðisfulltrúa afgreiðslu á ákveðnum málaflokkum; eftir atvikum í samstarfssamningi, í samþykktum um heilbrigðiseftirlit á hverju eftirlitssvæði eða í sérstakri samþykkt sem heilbrigðisnefnd samþykkir og birt er í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 3. Fjárhagsáætlun 2020

Alfreð Schiöth kynnti fjárhagsáætlun ársins 2020 og fór yfir helstu forsendur. Áætlunin kann að breytast ef forsendur breytast, s.s. vegna kjarasamninga. Gert er ráð fyrir 3,67% hækkun á milli ára og heilbrigðisnefnd samþykkir fjárhagsáætlun ársins 2020. Áætlunin verður lögð fram á aðalþingi Eypings.

### Umsagnir:

1. Umsögn til Skipulagsstofnunar v/frummatsskýrslu vegna landmótunar og stækkun Jaðarsvallar í Akureyrarbæ.
2. Norðurþing: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og nýju deildarskipulagi á Húsavíkurhöfða
3. Skútustaðahreppur: Skipulags- og matslýsing: Breyting á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 vegna Hólasandslínu 3
4. Einbúavirkjun í Skjálfandafljóti, frummatsskýrsla
5. Jarðböðin í Mývatnssveit, fyrirspurn um matsskyldu
6. Skipulagslýsing fyrir hluta jarðarinnar Fjósatungu í Fnjóskadal.

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 1,5 og 6 og Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 2,3 og 4. Umræður urðu um einstaka liði fyrirhugaðra framkvæmda og helstu skilyrði þegar um er að ræða starfsleyfisskylda starfsemi, s.s. efnistöku og varnir gegn foki og svifryki.

## Umsóknir um starfsleyfi:

1. Pröster ehf, kt. 510719-0420, Hafnarbraut 5, 620 Dalvík, sækir um starfsleyfi fyrir Crossfit-líkamsræktarstöð, Hafnarbraut 5, 620 Dalvík. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
2. Dóra Sif Indriðadóttir kt. 0602852419, Grundargötu 7, 600 Akureyri, sækir um starfsleyfi fyrir líkamsgötun og varalega förðun á Víkings Tatto, Brekkugötu 13, jarðhæð, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
3. Akureyrarbær kt. 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri, sækir um starfsleyfi fyrir leikskólann Árholt, Háhlíð 1, 603 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
4. Hafrún Helga Arnardóttir kt. 100289-2969, Sætún, 601 Akureyri sækir um starfsleyfi fyrir gelneglur, augnháralengingu og augnháralyftingu, Litla-Hvammi 2, 601 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
5. Hafrún Helga Arnardóttir kt. 100289-2969, Sætún, 601 Akureyri sækir um starfsleyfi fyrir sjúkranuddi á Aqua Spa, Strandgötu 14, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
6. Þingeyjarsveit kt. 590602-2640, Kjarni, 650 Laugar. Flokkur II. Gististaður án veitinga, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
7. Sillukot ehf. kt. 500519-0290 Langanesvegi, 680 Þórshöfn. Sápugerð, kertagerð og aðrar heimilisvörur. **Samþykkt til 12 ára.**
8. Steinsteypir ehf., kt. 420793-2359 Haukamýri 3, 640 Húsavík. Framleiðsla á steinsteypu, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
9. Vað ehf. kt. 670317-0560 Fl II. Umfangslitlir veitingastaðir, kaffihús. Viðbót við áður útgefið tjaldsvæði. **Samþykkt til 12 ára.**
10. Óskarsson ehf kt. 500712-0310, Héðinsbraut 11, 640 Húsavík. Gististaður án veitinga, endurnýjun. Anna Rósa Magnúsdóttir sat hjá við afgreiðslu málsins. **Samþykkt til 12 ára.**
11. Gistiheimili Húsavíkur ehf kt. 710310-0414. Gististaður án veitinga, Laugarbrekka 16, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
12. Gistiheimili Húsavíkur ehf. kt. 710310-0410 Gististaður án veitinga, Vallholtsvegur 9, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
13. Víkursker ehf kt. 691009-0410, Brúarlandi 2, 681 Þórshöfn. Gististaður án veitinga. **Samþykkt til 12 ára.**
14. G. Hjálmarsson hf. kt. 630196-3619, Goðanesi 2, 603 Akureyri. Starfsmannabúðir við Meiðavelli í Kelduhverfi. **Samþykkt til 12 ára.**
15. Tröð North ehf. kt. 520215-1580, Tröð, 650 Laugar. Fl. II Gististaður án veitinga. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
16. Stóru-Laugar ehf. kt. 600201-2630, Stórulaugar, 650 Laugar. Fl.IV: Gististaður með áfengisveitingum. Endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
17. Bíleyri ehf kt. 680319-0570, Laufásögötu 9, 600 Akureyri, bílaverkstæði, varahlutasala og aukahlutasala (áður BSA hf). **Samþykkt til 12 ára.**
18. Norðursteik ehf kt. 600519-1150, Hamborgarafabrikan Akureyri, framleiðsla hamborgara, meðlæti og fl. Sala á áfengum og óáfengum drykkjum. Hafnarstræti 87-89, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
19. Birkirós ehf kt. 470716-0610, Birkilundi 20, 600 Akureyri, útleiga á íbúð. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
20. Írix ehf kt. 450719-1100, Hjarðarslóð 1f, 620 Dalvík, sala á ískrapi, candyfloss og ljósadóti. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
21. JSJ Rétting og sprautun ehf, kt. 620519-0490, Laufásögötu 9, 600 Akureyri, tjónaverkstæði, bílaréttingar og málun (áður BSA hf). **Samþykkt til 12 ára.**
22. Brekkugata 35 kt. 240157-2179, gistipjónusta með morgunmat, Brekkugötu 5, 600 Akureyri (endurnýjun á leyfi). **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**

23. Penninn ehf kt. 560109-0670, Hafnarstræti 91-93 Akureyri, Kaffihús, aðkeypt meðlæti, te og kaffi. **Samþykkt til 12 ára.**
24. Klettur Norðurland kt. 461009-0420, Hjalteyrargötu 8, 600 Akureyri, verkstæði vinnuvéla og atvinnutækja. **Samþykkt til 12 ára.**
25. Vinir Akureyrar kt. 500707-1519, Glerárgata 24, 600 Akureyri, Ein með öllu, verslunarmannahelgin 2019. **Samþykkt.**
26. Jóhanna M. E. Matthíasdóttir, kt. 110975-3259, Gránufélagsgötu 27, 600 Akureyri, sala á candyfloss á skemmtunum og torgsölu. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
27. Hríseyjarbúðin ehf kt. 410415-0970, Norðurvegi 7-11, 630 Hrísey, verslun, veitingastofa og greiðasala. **Samþykkt til 12 ára.**
28. Fleki ehf kt. 501195-3329, Óseyri 31, fiskverslun, takmörkuð umsvif (900 kg árlega). **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
29. Vatnsveitufélag Kaupvangssveitar kt. 690802-4220, Svertingsstöðum 2, 601 Akureyri, endurnýjun á starfsleyfi, 92 notendur. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
30. Norðurorka hf, kt. 550978-0169, afvötnun og geymsla á sandi á Glerádal, Akureyri. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
31. Grænegg ehf kt. 600612-0690, Sveinbjarnargerði, Svalbarðsstrandarhreppi, endurnýjun á starfsleyfi vegna eggjaframleiðslu ásamt aukningu í starfsemi, þ.e. uppeldi á ungum á staðnum. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
32. Bryggjufélagið ehf kt. 490198-2369, Strandgötu 49, 600 Akureyri, endurnýjun vegna veitingahúss. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
33. HR ehf, Strikið veitingahús, Skipagötu 600 Akureyri, endurnýjun vegna veitingahúss. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**

## Önnur mál:

- 1. Endurnýjun á bifreið:** Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri skýrði frá kaupum á rafmagnsbíl af tegundinni Kia e-Niro; ætlunin er að nýta hann sem mest í styttri sem lengri ferðir og freista þess að lagmarka notkun á jarðefnaeldsneyti
- 2. Náttúruleugar:** Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði frá niðurstöðum á gerlamælingum í náttúruleugum og vandamál sem hafa komið upp þegar ekki er notaður klór til sóttthreinsunar. Málið verður til umfjöllunar í starfshópi um hollustuhætti á næstunni. Einnig skýrði Þórey frá fyrirhugaðri heimsókn með skipulags- og byggingafulltrúa til rekstraraðila þar sem boðið er upp á veitingar og umgengni við ýmiss húsdýr
- 3. Fram kom fyrirspurn um skipulag á Rangárvöllum** m.t.t. framleiðslu á steypueiningum og framkvæmdastjóra falið að gera fyrirspurn til skipulagsstjóra um stöðu mála, m.a. hvað varðar auglýsingu á deiliskipulagi og stækkun á lóð sem hýsir framleiðslu á steypueiningum
- 4. Fyrirhugaðar þvingunaraðgerðir vegna ófullnægandi vatnsbóls hjá mjólkurframleiðanda:** Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri skýrði frá útstandandi kröfum gagnvart mjólkurframleiðanda; ef ekki verður bætt úr á næstu dögum má búast við að starfsleyfi fyrir vatnsból verði afturkallað og að Matvælastofnun afturkalli mjólkursöluleyfi hjá viðkomandi mjólkurframleiðanda

5. Tekin var til afgreiðslu umsókn um starfsleyfi frá **Hf Völlum ehf kt.** 630394-2799, Völlum, 621 Dalvík vegna framleiðslu á sultu, pasta, pökkun á berjum, grænmeti, kryddjurtum og rabbabara og almennrar matvælavinnslu vegna veisluþjónustu og verslun með matvæli á staðnum. Umsókn er hafnað þar sem ekki er búið að koma upp fyrirhugaðri salernisaðstöðu fyrir gesti og ekki liggur fyrir starfsleyfi Matvælastofnunar vegna vinnslu og reykingu á kjöti, fiski, ostum, villibráð og eldi og vinnslu á bleikju á staðnum

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.07

---

Jón Ingi Cæsarsson

---

Alfreð Schiöth

---

Guðmundur Smári Gunnarsson

---

Porkell Björnsson

---

Benedikt Kristjánsson

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Anna Rósa Magnúsdóttir

---

Kristín Halldórsdóttir

---

Lilja Guðnadóttir